



Umsögn

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.)

Í samráðsgátt, mál nr. 66/2022, liggur fyrir tillaga fjármála- og efnahagsráðuneytisins drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 129/1997 (lágmarkstryggingavernd o.fl.) Hér á eftir fer umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar.

1.

Í frumvarpinu er lagt til að sjóðfélagar í öllum lífeyrissjóðum, að undanskildum þeim sem njóta bakábyrgðar ríkissjóðs eða sveitarsjóða, eigi rétt á því að ráðstafa allt að 3,5% af lágmarksiðgjaldi í tilgreinda séreign hjá lífeyrissjóðnum. Samkvæmt frumvarpinu verður bæði LSR og Brú lífeyrissjóði skylt að fallast á að óskir sjóðfélaga um að nýta sér ákvæði um tilgreinda séreign í sérstaka deild hjá þessum sjóðum.

Hér verður að hafa í huga þær breytingar sem gerðar voru á árinu 2017 með lögum nr. 127/2016 og giltu bæði fyrir A-deild Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og A-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga. Þessi lög lokuðu í reynd A-deildum þessara sjóða sem voru með jafna ávinnslu lífeyrisréttinda og tóku upp í sömu A-deildum aldursbundin réttindi fyrir nýja sjóðfélaga. Við þessar breytingar var gengið út frá að öllu iðgjaldaframlaginu 15,5% yrði ráðstafað til samtryggingar og útreikningar á nauðsynlegum framlögum launagreiðenda í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð voru miðuð við það að standa undir jafnri réttindaávinnslu. Með fyrirliggjandi frumvarpi er gert ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga réttindi í eldra kerfi geti ráðstafað allt að 3,5% af iðgjaldaframlaginu til tilgreindrar séreignar. Hafa ber í huga í þessu samhengi að staða lífeyrisaukasjóðs A deildar sýnir nú þegar halla miðað við núverandi forsendur tryggingafræðilegrar athugunar. Það raskar augljóslega öllum forsendum fyrir þeim ákvörðunum sem teknar voru á grundvelli fyrrgreindrar lagasetningar enda getur lægri samtryggingarprósenta ekki staðið undir jafnri réttindaávinnslu.

Ekki verður séð að ráðuneytið hafi fengið tryggingastærðfræðinga til að rýna áhrif frumvarpsins eins og lagt var til í umsögn Reykjavíkurborgar við frumvarp það sem lagt var fyrir síðastliðið vor. Þá verður ekki séð að gætt hafi verið eðlilegs samráðs við Samband íslenskra sveitarfélaga, bandalög opinberra starfsmanna eða lífeyrissjóði þeirra um smíði lagafrumvarpsins. Þetta eru ekki ásættanleg vinnubrögð að mati Reykjavíkurborgar þegar svo miklir hagsmunir eru í húfi.

Vakin er einnig athygli á því að tillagan um tilgreinda séreign eykur mikið á flækjustig lífeyrissjóða-kerfisins og kostnað við rekstur þess. Einfeldara hefði verið að taka séreignarsparnaðarleiðina alla leið fremur en þá sérleið sem farin er með tilgreindri séreign. Hér skiptir þó einkum máli að leiðin sem tilgreind séreign skapar nýttist einkum hálaunahópum sem fá ágætan ellilífeyri á grunni 12% iðgjalds í samtryggingakerfinu en geta skapað sér viðbótarábata með tilgreindri séreign sem ekki þarf að deila



með öðrum. Það dregur úr afli samtryggingarkerfisins á kostnað lægra launaðra sjóðfélaga sem veitir ekki af 15,5% iðgjaldi til að fá þökkalegan lífeyri. Þetta er staðreynd enda þótt ýmsir geri mikið úr því að 15,5% iðgjald í samtryggingarkerfinu skapi of háan lífeyri.

2.

Þá er í frumvarpinu lagt til að sjóðfélögum verði heimiluð skattfrjáls ráðstöfun tilgreindrar séreignar til kaupa á fyrsta íbúðarhúsnæði, til viðbótar við gildandi úrræði um ráðstöfun séreignarsparnaðar. Einnig er lagt til að sjóðfélögum sem ekki hafa verið eigendur að íbúðarhúsnæði í fimm ár, frá því að umsókn um ráðstöfun kemur fram, verði heimilað að nýta sömu séreignarsparnaðarúrræði og kaupendum fyrstu íbúðar að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Reykjavíkurborg vekur athygli á því að með tilgreindri séreign er opnað fyrir enn víðtækari réttindi til skattfrjálsrar ráðstöfunar launatekna vegna íbúakaupa sem í fjárhæðum talið gagnast mest hátekjuhópum. Þessi skattfrjálsa ráðstöfun felur í sér tap í útsvarstekjum sveitarfélaga sem kemur til viðbótar við ráðstöfun séreignarsparnaðar. Sveitarfélagið hefur enga stjórn á þessum „framlögum“ til íbúðakaupenda og þessi ákvæði frumvarpsins eru ekki gerð í samræði við sveitarfélögin. Þá fylgja frumvarpinu engar áætlanir um áhrif tillögunnar á útsvarstekjur og fjárhag sveitarfélaga eins og skylt er skv. 129. gr. laga nr. 138/2011 né hvort og þá hvernig ríkið hyggst bæta sveitarfélögum þetta tekjutap. Þannig stríðir þessi tillaga líka gegn lögum um opinber fjármál, þ.e. að ríkið fjármagni aðgerðir sínar í gegnum tekjur sveitarfélaga. Reykjavíkurborg gerir kröfu um að sveitarfélögum verði bætt það útsvarstekjutap sem hlýst af ákvörðun Alþingis um skattfrjálsa ráðstöfun séreignarsparnaðar og tilgreindrar séreignar. Þetta er ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga eins og sérstakur húsnæðisstuðningur, sem tekur mið af fjárhags- og félagsstöðu leigjenda og nam hjá Reykjavíkurborg um 1.300 mkr. á árinu 2021 og um 5.500 mkr. á árunum 2017-2021.

3.

Lagt er til í frumvarpinu að lögfest verði sú breyting að lífeyrir skuli verðbættur aðeins einu sinni á ári, 1. janúar ár hvert, m.v. breytingu á vísitölu neysluverðs næstliðins árs í stað þess að taka mánaðarlega breytingum m.v. breytingu á vísitölu neysluverðs milli mánaða.

Áhrif þessara breytinga verða þau að fylgni lífeyristekna við verðlagshækkanir minnkar og þar með kaupmáttur lífeyrisþega, einkum í vaxandi verðbólgu. Reykjavíkurborg er ekki hlynnt breytingum sem ganga á réttindi og kjör þeirra sem þurfa að byggja framfæri sitt og afkomu á lífeyri.

Í ljósi ofangreindra athugasemda við frumvarpið er lagt til að afgreiðslu þess verði frestað og tíminn nýttur til að fullkanna áhrif þess og ná samstöðu við sveitarfélögin, lífeyrissjóðina og samtök launafólks um breytingarnar.

Halldóra Káradóttir

sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar